


Sýningin leiðir saman sjónarhorn listafólks og vísindafólks sem eiga það sameiginlegt að rannsaka þær djúpstæðu umhverfislegu, menningarlegu og skynrænu umbreytingar sem nú eiga sér stað á norðurslóðum. Hún varpar ljósi á áhrif loftslagsbreytinga á snjó, ís og jökullandslag og hvetur gesti til að íhuga samband mannsins við náttúruna og menningarlegt mikilvægi norðursins.

Titillinn Gárur vísar til þess að jafnvel smávægilegar breytingar geti sett stærri ferla af stað. Á norðurslóðum getur lítil hækkun á hitastigi hraðað bráðnun jökla, breytt hafstraumum, raskað vistkerfum og mótað menningarhætti; bylgjuhreyfing sem nær langt út fyrir upphafspunkt sinn. Þessar samtengdu breytingar minna okkur á að norðurslóðir eru ekki einangraður jaðar, heldur kraftmikið kerfi þar sem umbreytingar hafa áhrif á allan heiminn. Bylgjurnar geta líka farið í gagnstæða átt, þegar sameiginlegar aðgerðir, menningarleg þekking og vísindalegt samstarf skapa nýjar leiðir til aðlögunar, seiglu og ábyrgðar.

Í kjarna sínum leitast sýningin við að vekja bæði undrun og ábyrgðartilfinningu. Með því að sameina þekkingu frumbyggja, vísindalega innsýn og listræna tjáningu hvetur sýningin áhorfendur til að velta fyrir sér samtengingu náttúrukerfa og siðferðilegum afleiðingum umhverfisbreytinga. Hún skorar á gesti að horfa út fyrir fagurfræðilegt yfirborð bráðnandi íss og breytilegs veðurfars og íhuga eigið hlutverk í þessum hnattrænu ferlum.

Með því að sameina þessar raddir og framtíðarsýnir dýpkar sýningin Gárur: Umbreytingar á Norðurslóðum skilninginn á því að framtíð norðursins er óaðskiljanleg frá framtíð jarðarinnar og okkar allra.



LISTAMENN

Britta Marakatt-Labba 12 13 14 15 16 17
Ívinguak Stork Høegh 7 8 9 10 11
Josefina Nelimarkka 4 5 6
Þorvarður Árnason 1 2 3

SÝNINGARSTJÓRI

Ásthildur Jónsdóttir



Skannaðu kóðann
til að lesa meira

ÞORVARÐUR ÁRNASON – ÍSLAND

1. **Vídeó, (vídeó-varpanir á tjöld, 2026)** Varpanirnar skapa umlykjandi upplifun af Vatnajökli með fjölbreyttum sjónarhornum, frá nærmyndum af áferðum og bráðnandi ís til víðra loftmynda sem sýna jökulinn í allri sinni stærð. Verkið færir á milli sjónarhorna, frá jörðu, til himins að abstraksjón og dregur þannig fram þau öll blæbrigði sem móta upplifun af jökullandslagi. Gestum er boðið að stíga bak við tjaldið, dvelja um stund í síbreytilegu landslaginu og verða þannig sem hluti af jökulmyndinni.

2. **Íshellir, 2024.** Íshellar geta verið einstaklega fagurbláir vegna þess að þéttur, ævagamall jölulísinn hleypir bara bláu geislum sólarljóssins í gegn og endurspeglar þá út í andrúmsloftið.

3. **Hoffellsjökull Serían (ljósmyndir), 2008–2015** Verkið byggir á langtímaverkefni sem stóð yfir samfelld í átta ár. Það fól í sér að skrásetja hörfun jökulsins yfir langann tíma. Teknar voru ljósmyndir í hverjum mánuði frá sama stað, fyrir framan upphaflega jökuljaðarinn.

JOSEFINA NELIMARKKA – FINNLAND

Í innsetningunni The Cloud of Un/knowning nýtir Josefina veðuröfl Íslands og breytingar Vatnajökuls til að rekja ferð vatns í gegnum hringrásina, bæði sem efnislegt ferli og myndlíkingu fyrir óvissu. Innsetningin byggir á þremur sjálfstæðum verkum.

The Cloud of Un/knowning, 2024:

4. **The Cloud Hour (Vídeó og hljóðinnsetning, gagnvirk gagnatækni)** Rauntímagögn frá veðurstöð á þaki Norræna hússins stýra síbreytilegum mynd- og hljóðheimi verksins, þar sem ósýnilegar upplýsingar um loftslagið eru þýddar yfir í gufukennar hreyfimyndir og hljóðverk.

5. **Intensities, futurities (Glass sculptures, data-driven light)** Ljós í glerverkum breytist í rauntíma í samræmi við samsætugildi vatns sem greind eru úr vatnsgufu frá Vatnajökli. Fínlegar hreyfingar sýna loftbólur sem lokuðust inni í glerinu við kraftmikið blástursferlið. Verkið dregur fram ósýnileg, hröð en merkingarbær augnablik sem eiga sér stöðugt stað á svæðum sem hlýna hraðar en aðrir hlutar jarðar.

6. **Beneath the transient states, there is now (silki innsetning, nanomicroscopy)** Verkið byggir á langtímarannsóknum listamannsins á fornu veðurfari. Upplýsingar um loftslag fortíðarinnar varðveitist í umhverfinu, í steinum, loftsteinum, kóröllum og þörungum. Myndir teknar með raf-eindasmásjá birtast á yfirborði silkisins. Ummerki loftslags frá ólíkum tímum og stöðum sýna hversu viðkvæm náttúran er fyrir breytingum þegar aðstæður á jörðinni taka stakkaskiptum.

Josefina Nelimarkka hefur sett upp veðurathugunarstöð á þaki Norræna hússins í samstarfi við Vaisala.

BRITTA MARAKATT-LABBA – SÁPMI

7. **Vídeó** Myndbandið sýnir Historjá, 24 metra langt útsaumað frásagnarverk sem segir sögu Sámi-fólks með myndmáli og af mikilli nákvæmni. Hver saumur ber með sér minningu og fangar seiglu þjóðar sem hefur lifað í nánu sambandi við náttúru og hefðir. Verkið hvetur til ihugunar um menningarlega samfellu og hvernig saga er skráð, varðveitt og endursögð.

8. **Snjóryk (silkiprent)** Snjókornin sem þyrlast upp verða að frásagnarefni sem rekja ferðalög og landslag í tímans rás.

9. **Vatnið sem var tæmt (silkiprent)** Verkið segir frá því hvernig stöðuvatnið Luossajärvi í Kiruna, var tæmt til að rýma fyrir námuvinnslu. Í margar kynslóðir veitti vatnið hvíld fyrir hreindýr og skjól fyrir hirðingjafjölskyldur, auk þess að vera útivistarsvæði fyrir íbúa. Hvarf þess endurspeglar djúpstæð og oft vangreind áhrif iðnaðarframfara á líf, menningu og náttúru Sámi-fólks.

10. **Umhverfið getur ekki beðið (silkiprent)** Verkið sýnir útlínur námufjalls sem gnæfir yfir fyrstum gróðurlendi. Það dregur fram spennuna milli iðnaðar, loftslagsbreytinga og brýnna þarfa til að vernda viðkvæm vistkerfi. Áhrif hlýnun jarðar á umhverfi og menningu eru í forgrunni og undirstrika að þessar áskoranir eru raunverulegar og hafa víðtæk áhrif á landslag, samfélög og komandi kynslóðir.

11. **Á leiðinni (silkiprent)** Verkið sýnir árlega ferð hreindýrahrirða með hjörð sína á sumarbeitilönd, mikilvæga hefð í lífi Sámi-fólks. Með einkennandi myndmáli sínu fangar listakonan hreyfingu, umhyggju og samfellu, og sýnir hvernig hefðir, landslag og lífsafkoma eru tengd órjúfanlegum böndum.

IVÍNGUAK STORK HØEGH – KALAALLIT NUNAAT

12. **Á Ísfjallinu, 2022 (stafræn klippimynd, 2022)**
13. **Sikorsuaq – Stóri borgarísjakinn, 2021 (stafræn klippimynd, 2021)**

14. **Dagur á ströndinni (stafræn klippimynd, 2025)** Verkið er úr seríunni Framandi Norðurheimskautasvæði, sem skoðar framandleika með því að para saman grænlenkskar aðstæður við suðrænar myndir. Þessar andstæður afhjúpa arfleifð nýlenduhyggju í ljósmyndun og hlutverk hennar í að móta hugmyndir um „hina“. Í stað afdráttarlausrar gagnrýni notar verkið samsuðu hugmynda og sjónræna árekstra til að kanna hvernig menningarleg samskipti mótaska af marglaga og brotakennendum sjónarhornum.

15. **Nipersuaq – Það eru mikil læti hérna, 2015 (stafræn klippimynd)**

16. **Án Titils, 2025 (stafræn klippimynd)** Bæði verkin eru úr seríunni Heima– Samfélagið mitt. Með ljósmyndun og klippimyndatækni er dregin upp mynd af lífi á Grænlandi, þar sem andlitsmyndir, brot úr byggingum og smáatriði í áferð fléttast saman. Verkin kanna þjóðernishyggju, umhyggju og félagslega baráttu. Undir áhrifum frá veggjakroti og götulist endurspeglar serían orkuna sem móta daglegt líf í ört vaxandi borginni Nuuk.

17. **STOPP, 2025 (stafræn klippimynd og vídeó).** Hér biður áhorfandans óvænt upplifun. Með því að staldra við, færa sig nær og horfa í gegnum gleraugu konunnar á myndinni, sér áhorfandinn myndband af svolitlu óvæntu.

Í barnabókasafninu er sýningin Norðrið sem er í samtali við sýninguna Gárur: Umbreytingar á Norðurslóðum, biðjið starfsmann í móttöku að opna fyrir ykkur.

Þar eru einnig verk eftir Ivínguak Stork Høegh og Þorvarð Árnason.



Skannaðu kóðann
til að lesa meira

HVELFING



Norræna húsið